

Guðsmaðurinn við Kailashfjall

**Sadhu Sundar Singh, hitti meira en 300 ára gamlan
kristinn fyrirbiðjanda við Kailashfjall í Tíbet**

Hver var Sadhu Sundar Singh?

Sadhu Sundar Singh fæddist inn í auðuga fjölskyldu 3. september árið 1889 í bænum Rampur, sem var höfuðstaður Punjab fylkis á Indlandi. Faðir hans var síkatrúar, en móðir hans var Hindúí.

Trúarlegt uppeldi hans var í höndum móðurinnar og því var Hindúismi þau trúarbrögð sem hann kynntist fyrst. Síðar fór hann einnig að lesa Kóraninn, helga bók Múslima. Helgir menn Indverja kynntu hann einnig fyrir jóga. Síðar fékk hann fræðslu hjá kennara í hindúasið og öðrum sem kenndi honum fræði síkatrúar. Þessir tveir kennarar komu daglega heim til hans í þrjár klukkustundir, til að fræða hann. Móðir hans hvatti Sundar til að verða helgur maður á indverska vísu og lífa sem munkur.

Vegna þrábeiðni móður hans, tók hann það skref að gerast helgur maður (sadhu). Hann hélt í þetta heiti eftir að hann varð kristinn. Eftirnafn hans, „Singh“, merkir ljón og hefur trúarlega tilvísun í síkatrú. Allir karlmenn sem aðhyllast síkatrú, eiga að bera þetta eftirnafn sem sameiningartákn trúaðra.

Síðar var hann sendur í grunnskóla sem rekinn var af kristnum trúboðum. Þar kynntist hann fyrst Kristindómi, en snérist að lokum gegn þeirri trú. Hann brenndi Biblíuna og taldi sig með því hafa unnið góðverk.

En þrátt fyrir allt þetta, þá hafði hann ekki eignast þann innri frið, sem hann þráði af einlægni. Óróleikinn í hjarta hans fór stöðugt vaxandi. Hann þráði heitast af öllu að mæta Guði, ef Hann væri til.

Örvæntingin í huga hans fór vaxandi og vildi hann taka sitt eigið líf, ef hann gæti ekki fengið að upplifa Guð. Hann hafði fastákveðið tíma til að fremja sjálfsmorð, því guðir trúarbragðanna eins og Búdda og Allah, létu ekki sjá sig.

En nótt eina birtist ljós í herbergi hans. Hann fór og opnaði útihurðina til að athuga hvaðan ljósið kæmi, en fyrir utan var niðamyrkur. Sundar fór aftur inn í húsið. Þá sá hann ljósið aftur og það varð stöðugt bjartara. Eftir nokkra stund var það orðið að björtu skýi. Skyndilega birtist maður í skýinu og það var ekki einn af þeim guðum sem hann bjóst við að sjá, heldur var þar Jesús Kristur lifandi kominn, sem Sundar hélt að væri dáinn fyrir óralöngu síðan.

Sundar sagði síðar: „Ég mun ekki að eilífu gleyma dýrð Hans og kærleiksríku andlitinu, né þeim fáu orðum sem Jesús talaði: ‚Því ofsækir þú mig? Sjá, ég dó fyrir þig og allan heiminn á krossi.‘ Líkt og elding, þá hittu þessi orð hjarta mitt og brenndu sig þar inn. Ég féll á gólfíð fyrir framan Hann. Hjarta mitt fylltist af ólýsanlegri gleði og djúpum friði. Líf mitt umbreyttist á augnabliki. Á þessu stefnumóti með Jesú, dó gamli Sundar Singh og nýr Sundar Singh fæddist. Þessi nýi Sundar Singh þjónar hinum lifandi Jesú Kristi.“

Þegar Sundar játaði trú sína á Jesú Krist opinberlega, hafnað fjölskyldan honum og rak hann að heiman. Eftir það, lifði hann sem einsetumaður.

Hvað eftir annað, gaf Heilagur andi honum sýnir, um að fara í þorp víðsvegar á Indlandi til að vitna um Jesú Krist. Þjónusta Sundar Singh, varð til þess að fjölmargir Indverjar tóku við Jesú Kristi. Predikanir hans heilluðu samlanda hans og einnig kristið fólk á Vesturlöndum. Persónuleiki hans og dæmisögur úr daglega lífinu gerðu ræður hans áhrifamiklar. Áheyrendur sögðu oft: „Hann lítur ekki aðeins út eins og Jesú, hann talar eins og Jesú í Nýja testamentinu.“ Það voru líka margir sem hötuðu hann. Hann lifði naumlega af nokkrar morðtilraunir.

Sundar Singh ferðaðist mikið um Himalaya-löndin og fór jafnvel til Tíbet, til að predika Fagnaðarerindið fyrir heimamönnum. Tíbet var á þeim tíma nánast lokað land fyrir útlendinga, en Guð lagði það sérstaklega á hjarta bróður Sundar, að predika þar Fagnaðarerindið. Á einni af þessum ferðum í Tíbet (árið 1912) kom hann í námunda við fjall sem heitir Kailashfjall. Þar hitti hann kristinn guðsmann, sem sagðist vera meira en 300 ára gamall.

Eftir að Sundar hitti þennan guðsmann, opinberaðist mun meira af dýrð Jesú Krists í lífi og þjónustu hans. Hjá hinum aldraða guðsmanni, lærði bróðir Sundar nýja hluti varðandi Jesú og himininn, sem opnaði fyrir honum nýja upplifun í hinu andlega. Þjónusta bróður Sundar breyttist með afgerandi hætti eftir þennan fund. Sundar heimsótti hinn aldraða guðsmann við Kailashfjall tvisvar eftir þetta.

Eftir að hafa farið víða um Suður-Indland og predikað, var honum boðið til útlanda. Hann lagði af stað og þjónaði þar sem hann ferðaðist. Frá Burma fór hann til Singapore. Þaðan var haldið til Kína. Í Kína predikaði hann í nokkrum stórborgum og en eftir það lá leiðin til Japan. Þegar hér var komið, höfðu frásagnir af þjónustu hans borist víða um Vesturlönd og var honum boðið að koma til Evrópu til að predika þar.

Hann fór í tvær heimsreisur og kynntist vestrænni menningu. Meðal þeirra landa sem hann heimsótti voru England, Bandaríkin, Ástralía, Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Þýskaland og Sviss. Á Vesturlöndum, varð hann einkum var við efnishyggju, guðleysi, skynsemistrú og fátækt á andlega sviðinu. Þetta olli honum vonbrigðum.

Í heimsókn sinni til Berlínar árið 1922 sagði hann frá kynnum sínum af hinum kristna bænamanni við Kailashfjall, sem var meira en 300 ára gamall. Það sem hann fékk að heyra hjá þessum guðsmanni er efni þessa rits.

Árið 1929 ferðaðist Sadhu Sundar Singh til Himalayafjalla, en hann átti þaðan ekki afturkvæmt. Enn í dag, hátt í níu áratugum síðar, er hann talinn í hópi áhrifamestu þjóna Fagnaðarerindisins, sem komið hafa frá Indlandi. Sadhu Sundar sýndi fram á að sannkristinn lífsmáti, þarf ekki að vera fastbundinn við menningu og hefðir Vesturlanda.

Himalayafjöll

Himalayasvæðið er stærsta háslétta í veröldinni. Hæstu fjöll heimsins er þar að finna. Hæst í þessum mikla fjallgarði gnæfir Everestfjall, 8.848 metra yfir sjávarmáli.

Himalayasvæðið nær frá hitabeltinu í suðri og endar í feiknarlegum fjallgörðum í norðri. Af þessum sökum er gróðurfar og dýralíf á svæðinu afar fjölbreytt.

Íbúarnir, eiga flestir uppruna sinn á hásléttum Tíbet. Tíbet var áður fyrr þjóð Búddista, sem stjórnað var af prestum og landið var nánast lokað frá umheiminum. Tíbet, tilheyrir í dag Kína, en Kínverjar réðust inn í Tíbet, eftir daga Sundar Singh.

Landsvæðið í kringum Kailashfjall, er ein af mörgum hásléttum í vesturhluta landsins. Í upphafi 20. aldar var þetta svæði afar strjálbyggt. Þarna voru örfá búddamusteri, fáein klaustur búddamunka og nokkrir hellar sem notaðir voru sem íhugunar og íverustaðir. Sadhu Sundar, sagði frá því að í einum af þessum hellum hefði hann rekist á beinagrind af manni, sem trúlega hafði dáið við íhugun.

Toppurinn á Kailashfjalli er ávallt þakinn af snjó. Fjallið er oft kallað Ólympusfjall Asíu. Hindúar hafa tengt þetta fjall í gegnum aldirnar við einsetumenn, sem hafa valið þennan stað til íhugunar. Í helli við rætur þessa fjalls, hitti Sadhu Sundar kristinn einsetumann árið 1912.



Kailashfjall og fjallendið í nágrenni þess

Landið og náttúruferðir umhverfis Kailashfjall er tilkomumikið. Snævi þaktir fjallatindar og heitar uppsprettur í frosinni jörðinni. Í þriggja dagsferða fjarlægð frá fjallinu, er stöðuvatn sem heitir Manasarovar, en þar er mikið um svani. Á klettabrúnum umhverfis vatnið eru allmörg munkaklaustur og musteri Búddista, með frábæru útsýni. Sundar lýsti þessu landsvæði sem einu því fegursta sem hann hefði séð. Á svæðinu voru einnig herskáir hirðingjaflokkar, sem ferðudust um og drápu ferðamenn sér til skemmtunar.

Sundar hittir guðsmanninn

Árið 1912, var grein í dagblaði á Norður-Indlandi og í henni var að finna eftirfarandi setningar:

„Hinn helgaði, óeigingjarni og sanntrúaði bróðir Sundar Singh hefur fundið kristinn einsetumann, guðsmanninn við Kailashfjall, sem árum saman hefur lifað og lifir enn uppi í snævi þöktum Himalayafjöllum, í fyrirbæn fyrir heiminum.... Þar með hefur opinberast einn af meðlimum trúboðshreyfingar okkar, guðsmaðurinn við Kailashfjall.“

Á trúboðsferðum sínum í vesturhluta Tíbet, hafði Sundar Singh, leitað að einsetumönnum sem voru Hindúar eða Búddistar. Hann hafði fengið upplýsingar um að þessir einsetumenn hefðust þar við í hellum til þess að nota síðasta hluta ævinnar fyrir íhugun. Þeir völdu fjalllendið við Kailashfjall, vegna þess að svæðið er fjarri mannabyggðum. Þarna er snjór árið um kring og auk þess er Kailashfjall talið heilagt fjall af innfæddum. Hið mikla Indus-fljót á þarna upptök sín ásamt fljóti sem heitir Sutlej, en það rennur í gegnum Punjab.

Árið 1912 hafði Sundar Singh sem oftast ferðast til Tíbet og farið á Kailash-svæðið, til þess að leita uppi einsetumenn, sem stunduðu íhugun í hellunum. Hann gekk beint af augum í fullkominni einveru til að finna þetta fólk. Þarna voru engir vegir. Eftir að hafa gengið í nokkra daga í um 4 þúsund metra hæð, var sjón hans farin að daprast vegna snjóblindu. Þá fór Sundar að íhuga að snúa til baka. Á þessu svæði var gamalt yfirgefið búddamusteri, sem pílagrímar heimsóttu af og til. Skyndilega missti hann jafnvægið og rann niður brattan snjóskaf allmarga metra, þar til hann stöðvaðist.

Sundar missti meðvitund um stundarsakir. Þegar hann rankaði við sér og leit upp sá hann risastórt op á helli. Hann varð skelfingu lostinn yfir því sem hann sá við opið á hellinum. Þar sat óvenjulega loðin mannvera. Þegar Sundar skoðaði manninn nánar, sá hann að hann hafði fundið mjög gamlan mann sem sat með lokuð augu í djúpri íhugun. Maðurinn hafði þétt hár á líkamanum sem skýldi honum fyrir kulda og sítt skegg sem náði til jarðar. Augabrúnirnar voru eins og brúskar sem skýldu augunum.

Sundar tók á öllu því hugrekki sem hann hafði og ávarpaði manninn. Maðurinn opnaði rólega augun. Sundar sagði: „Augu hans horfðu á mig og frá þeim var einhver útgeislun, sem mér fannst að gæti skoðað hjarta mitt og lesið huga minn. Augu mannsins voru full af kærleika.“

Sundar hélt að hann hefði fundið helgan mann Hindúa (rishi), sem hann gæti fært góðu fréttirnar um Jesú Krist. Sundar varð því steinhissa, þegar maðurinn leit á hann og rauf þögnina með því að segja: „Við skulum krjúpa niður og biðja.“

Einsetumaðurinn bað afar smurða bæn, sem hann lauk lotningarfullur með nafni Jesú. Síðan náði hann í bókfell með Nýja testamentinu, opnaði það og las nokkur vers úr Fjallræðunni í Matteusarguðspjalli.

Meira en 300 ára löng ævisaga

Eftir að hafa lesið úr Orði Guðs sat gamli maðurinn án þess að segja orð. Þá spurði Sundar hann, hver hann væri og hvað hefði valdið því að hann væri hér á þessum stað. Einsetumaðurinn sagði honum ævisögu sína í stórum dráttum. Hann hóf frásögnina á vers úr Jóhannesarguðspjalli, þar sem segir: „Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni“ (Jóhannes 10:28).

Maðurinn hélt áfram: „Það eru um það bil 318 ár, frá því að ég fæddist inn í fjölskyldu Múslima í borginni Alexandríu í Egyptalandi. Sem ungur maður, var ég líkt og foreldrar mínir trúfastur Múhameðstrúarmaður. Ég fékk trúarlega uppfraeðslu og eyddi mörgum klukkustundum á dag við að þylja upp bænir og vers úr Kóraninum. En það var enginn friður í hjarta mínu. Andlegt hungur mitt fór sívaxandi. Ég ákvað því, að taka upp lífsmáta, þar sem ég væri knúinn til meiri sjálfsgaga.“

Þrá eftir endurlausn

„Þegar ég varð þrítugur, aðskildi ég mig frá heiminum, gekk í klaustur Músliama og gerðist einsetumaður. Með næturvökum, bænum og íhugun leitaði ég eftir sálarfriði. En það var sama hvað ég reyndi, ég sökk alltaf lengra niður í þunglyndi. Tilveran án þess að þekkja Guð varð stöðugt þungbærari. Því meira sem ég las Kóraninn og bað, því óhamingjusamari varð ég.

Lífið var þung byrði, því að hugur minn var fullur af vonleysi, óreiðu og ég gat ekki lengur hugsað skýrt. Svefnlausar nætur og andleg þjáning að deginum hafði dregið úr mér allan þrótt. Þetta ástand þjakaði taugar mínar og hreldi sálina. Ég þráði lausn!

Svo gerðist það dag einn, að ég fékk nýja von. Mér var sagt frá kristnum manni, sem hafði komið frá Indlandi til þess að predika í Alexandríu um frelsara sem gæti frelsað sálina og leyst menn frá synd. Ég ákvað samstundis að leita þennan mann uppi. En áður en ég gat látið verða af því, var guðsmaðurinn kominn til mín og hann spurði mig um ástand sálar minnar.

Eftir að ég hafði sagt honum allt um aðstæður mínar, þá leit hann íhugull á mig og sagði: „Ég veit hvað sál þína vantar“. Síðan opnaði hann litla bók og las fyrir mig: „*Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld*“ og einnig „*því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf*“.

Guðsmaðurinn útskýrði fyrir mér það sem hann hafði lesið og smám saman fór ég að skilja. Hann predikaði til mín lifandi orð, sem fyllti hjarta mitt af gleði. Ég þráði að heyra meira af því sem þessi lærisveinn Krists hafði að segja, svo ég eyddi með honum mörgum klukkustundum. Af honum lærði ég leyndardóminn um andlega gleði.“

Leystur og frelsaður

„Það leið ekki langur tími, þar til ég hafði gert mér grein fyrir frelsandi krafti Jesú Krists. Eftir að ég hafði eignast sannfæringu fyrir því að blóð Jesú Krists gæti leyst mig frá syndum, bað ég Son Guðs um að koma inn í mitt líf. Fljótlega eftir þetta var ég skírður og kynntist þá hinum kristnu. Ný gleði og ferskur ákafi flæddi inn í sál mína. Hinn langþráði friður fyllti nú hjarta mitt. Ég hafði eignast sátt við Guð. Innra með mér kom óslökkvandi þrá eftir að færa þennan dýrmæta leyndardóm um frelsið í Kristi til annarra. Ég bað kristinn guðsmann sem var leiðbeinandi minn, um leyfi til þess að fá að fylgja honum á trúboðsferðum hans. Þessa bón veitti hann mér, svo að ég yfirgaf Músliamaklaustrið.“

Predikari fagnaðarerindisins

„Eftir tímabil lærdóms hjá hinum kristna læriföður mínum, talaði hann dag einn um að hann langaði til að yfirgefa Egyptaland. Þegar við skildum gaf hann mér þau fyrirmæli að fara um heiminn og predika Orð Guðs, um frelsi frá syndum. Ég tók fyrirmæli kennara míns mjög alvarlega. Það leið ekki langur tími, þar til ég fór að ferðast víðsvegar og predika leyndardóminn um frelsið í Jesú Kristi.“

„Ég skal bæta við nokkrum orðum um kennara minn. Hann hét Jernaus og var frændi hins fræga kaþólska trúboða Francis Xavier, sem var uppi á árunum 1506 - 1552. Xavier var einn afkastamesti trúboði Jesúíta og starfaði aðallega í Austurlöndum fjær. Hann var einn af samstarfsmönnum Ignatíusar Loyola, sem stofnaði reglu Jesúíta.“

„Og þetta bókfell, sem ég las fyrir þig úr, kemur úr dánarbúi Xavier. Bókfellið var ritað á valdatíma Konstantínusar keisara.“ Þegar Sundar leit á bókfellið, sá hann að það var ritað með Grísku hástafalettri og það væri því mjög dýrmætt fyrir þá sem rannsaka frumtexta Nýja testamentisins.“

Settist í helgan stein

„Ég ferðaðist sem trúboði í rúmlega 75 ár“, hélt öldungurinn áfram „þar til ég var orðinn 105 ára gamall. Aldurinn var þá farinn að segja til sín, einkum varðandi ferðalög. En Guð hélt mér gangandi og sá bæði fyrir líkama og sál. Á ferðum mínum um heiminn, lærði ég að tala 21 tungumál eða mállýskur og Hindi þar með talið. Þegar ég fann fyrir því að þróttur minn fór þverrandi jafnt og þétt og minnið fór að gefa sig, þá dró ég mig út úr öllu trúboði. Ég fór þá að leita að stað, þar sem ég gæti eytt þeim fáu árum sem eftir væru, í friði og stöðugu samfélagi við Guð. Með það í huga, þá kom ég á þennan stað, en ég hafði komið hingað á ferðalagi fyrir löngu síðan sem trúboði.“

„Þessi staður, sem ég valdi til að eyða síðustu árunum var upplagður fyrir mig. Jafnvel í dag eru hér engin hús. Það eru aðeins fáeinir einstaklingar sem treysta sér að ferðast um þetta landsvæði á hverju ári vegna kuldans. Þrátt fyrir kuldann vaxa hér jurtir og sem virka vel gegn ákveðnum sjúkdómum og endurnæra líkamann. Þar til viðbótar hefur Guð gefið hér stórkostlegt útsýni allt um kring.“

„Ég fæ næringu með því að borða jurtir. Að vetri til gref ég upp ákveðna rót sem fæðu, vegna þess að hún gefur yl í líkamann. Ég er ekki hræddur við villt dýr og dýrin eru ekki hrædd við mig. Á kaldasta tímanum að vetri til, er ég í hellinum ásamt bjarndýrum sem leggjast þar í hýði. Það kemur yllur frá dýrunum.“

Sundar minnst þess, að hann var skjálfandi af kulda þegar hann hitti sjáandann við Kailashfjall. Gamli maðurinn gaf honum lauf af ákveðinni jurt. Fljótlega leið honum betur. Honum fannst þægilegur yllur flæða um líkamann og gefa honum nýjan styrk.

Hittir Jesú

„Árin liðu“ hélt gamli maðurinn áfram. „Ég þráði meira og meira að losna úr þessum dauðlega líkama, þótt ég ætti frábæran tíma með Drottni í bæn og íhugun. Ég þráði að fara heim til Drottins. Þetta gekk svo langt að ég eyddi daglega klukkustundum á hnjánum í að biðja Jesú um að taka mig til himins.“

„Dag nokkurn þegar ég var á bæn, heyrði ég skyndilega hávaða í hellinum. Það var eins og það væru komnir margir fuglar sem flögruðu fram og aftur. Ég bað Guð um að sýna mér orsökina fyrir hávaðanum. Þá fann ég hvernig hönd snerti augu mín. Þessi snerting opnaði andleg augu mín og ég sá hóp af björtum englum í hellinum. Þeim fjölgaði stöðugt, þar til þarna var komin heil herdeild frá himni. Þeir sungu sálma til dýrðar konunginum Jesú, sem var í för með þeim. Þegar ég sá konung dýrðarinnar, kraup ég niður í lotningu. Jesús tók í hönd mína reisti mig upp og sagði: „Þú trúir þjónn, nú verður þér gefin náð til að lifa miklu lengur. Þú munt ekki deyja eða tapa þessum jarðneska líkama, þar til ég kem aftur, sem er ekki mjög langt undan. Þegar ég kem aftur á skýjum himins með mikilli dýrð þá munt þú verða á jörðinni.“

Þangað til, verður verkefni þitt að biðja fyrir trúföstum þjónum mínum, sem eiga í hættulegri baráttu við djöfulinn og fylgjendur hans.’

Eftir að Jesús sagði þetta, þá hreinsaði hann hjarta mitt fullkomlega af synd. Síðan hélt hann aftur til himins og englakórinn fylgdi honum eftir.“

Ný upplifun

„Eftir þessa stórkostlegu reynslu, birtist hópur hinna heilögu frá himni. Þeir óskuðu mér til hamingju yfir þeim stórkostlegu forréttindum sem mér hefðu hlotnast, með því að fá að hitta Drottinn Jesú Krist. Þegar þeir komu, fylltist staðurinn af hreinni gleði. Andlit þeirra geisluðu af himneskri dásemd og djúpum friði. Hinir heilögu höfðu þegar lokið sínu jarðneska hlutverki og gengið inn í eilífa hvíld og frið.“

„Eftir að Drottinn Jesús heimsótti mig, komu mismunandi einstaklingar meðal hinna heilögu á himni hvað eftir annað í heimsókn til mín og hjálpuðu mér í þjónustunni. Nú er ég upptekinn á hverjum degi við að lofa Guð og stunda fyrirbæn. Ég geri þetta með gleði, því þetta er mitt líf.“

Ferðast í anda

„Ég byrja sérhvern dag, með nokkrum klukkustundum af lofgjörð og sökkuvi mér inn í nærveru Guðs. Afganginn af tímanum, nota ég til að heimsækja mismunandi lönd í heiminum. Þetta er sérstök náðargjöf sem Drottinn hefur veitt mér. Meðan líkaminn er kyrr hér í hellinum, hef ég heimild frá Jesú til að ferðast í andanum.“

„Ef þessi ferðalög í andanum væru ekki möguleg, hvernig ætti ég þá að biðja fyrir baráttu kirkjunnar? Hverju ætti ég að biðja fyrir ef ég þekkti ekki þarfir samfélags heilagra á jörðinni?“

„Sundar“ sagði gamli maðurinn „allt þetta finnst þér ef til vill framandi, en hlustaðu á orð Páls þar sem hann útskýrir ýmislegt af því sem ég hef sagt þér: *Því að ég er hjá yður í andanum, þótt ég sé líkamlega fjarlægur, og ég horfi með fögnuði á góða skipan hjá yður og festu yðar í trúnni á Krist*’ (Kólossubrésið 2:5).“

Eftir að Sundar Singh hafði hlustað á þessa áhugaverðu ævisögu gamla mannsins við Kailashfjall, þá áttaði hann sig á því hvernig hans eigin ferðalag um þetta landsvæði í Himalayafjöllum hafði verið leitt af Guði. Í þessari heimsókn hafði hann fengið opinberun um suma af hinum djúpu leyndardómum Guðs. Sundar lýsti gleði sinni yfir að hitta gamla manninn. Hann játaði ákveðinn veikleika sinn, sem varð til þess að hinn aldraði sagði honum meira frá því sem hann hafði upplifað og fengið opinberun yfir.

Samfélag heilagra

„Það eru stórkostleg forréttindi fyrir mig að ferðast í andanum,“ sagði öldungurinn. „En það er mér líka mikið gleðiefni að fá að eiga samfélag við hina heilögu sem farnir eru héðan til þess að vera með Drottni. Með því að tala við þá, fæ ég styrk til þess að halda áfram því þunga verki sem fyrirbænin er.“

„Við getum átt samfélag við hina heilögu sem farnir eru héðan. Þess vegna er því sérstaklega lýst yfir í Postullegu trúarjátningunni: *„Ég trúi á... samfélag heilagra...“*“ Guðsmaðurinn hélt áfram: „Ég upplifi samfélag við hina heilögu og hitti þá daglega.“

„Fyrir mér, þá er þetta ekki lengur setning úr trúarjátningunni, heldur veruleiki. Ég upplifi nákvæmlega það sem Orð Guðs segir um *...samkomu... anda réttláttra sem fullkomnir eru orðnir*¹.“

„Stuttu áður en þú komst, fékk ég í heimsókn Frans frá Assísí, Polycarpus frá Smyrna og bróður sem heitir Linus. Bróðir Linus er höfundur bókarinnar *„Breytni eftir Kristi“*, þótt hún sé ranglega eignuð Tómasi frá Kempis, en Linus fullvissaði mig um að breytti engu fyrir hann, þótt hann væri ekki viðurkenndur sem höfundur bókarinnar. Það eina sem skipti máli væri að nafn Jesú Krists væri gert vegsamlegt, sem óneitanlega ætti við um þessa bók.“

Líkami og sál

Gamli maðurinn sagði Sundar ennfremur: „Það kann að valda þér undrun, þegar ég segi þér að ég sé ekki aðeins fær um að ferðast í andanum til hvaða staðar sem er á jörðinni, heldur einnig ferðast um himnana og litast um þar. Það er ákveðin tenging milli líkama og sálar sem þarf að rjúfa nægilega til þess að líkaminn geti ekki lengur hindrað sálina í að fara til himna. Hlustaðu á það sem Páll postuli upplifði og segir frá:

„Mér er kunnugt um mann, hann tilheyrir Kristi, sem fyrir fjórtán árum, - hvort það var í líkamanum eða utan líkamans, veit ég ekki, Guð veit það -, var hrifinn burt allt til þriðja himins. Og mér er kunnugt um þennan mann, - hvort það var í líkamanum eða án líkamans, veit ég ekki, Guð veit það -, að hann var hrifinn upp í Paradís og heyrði ósegjanleg orð, sem engum manni er leyft að mæla.“

(2. Korintubríf 12:2-4).

„Páll talar um ferðalög sín í andanum:

„Ég fyrir mitt leyti, fjarlægur að líkamanum til, en nálægur að andanum, hef þegar, eins og ég væri nálægur, kveðið upp dóm í nafni Drottins vors Jesú yfir manni þeim, sem þetta hefur drýgt.“

(1. Korintubríf 5:3).

„Því að ég er hjá yður í andanum, þótt ég sé líkamlega fjarlægur, og ég horfi með fögnuði á góða skipan hjá yður og festu yðar í trúnni á Krist.“ (Kólossubríf 2:5).

Það er einnig sagt frá því í Gamla testamentinu, að sálin geti ferðast utan líkamans. Til dæmis þegar Elísa segir eftirfarandi við Gehasí:

„Ég fylgdi þér í anda, þegar maðurinn sneri frá vagni sínum í móti þér. Nú hefir þú fengið silfur og munt fá klæði, olíutré, víngarða, sauði og naut, þræla og ambáttir.“ (2. Konungabók 5:26).

Þú sérð á þessum ritningarversum, að það eru ekki sérstök forréttindi hjá mér, að ferðast utan líkamans um jörðina og himnana. Það er í samræmi við Orð Guðs, að þeir sem trúa á Jesú Krist geti upplifað þetta með hjálp heilags anda.“

¹ „Nei, þér eruð komnir til Síonfjalls og borgar Guðs lifanda, hinnar himnesku Jerúsalem, til tugþúsunda engla, til hátíðarsamkomu og safnaðar frumgetinna, sem á himnum eru skráðir, til Guðs, dómara allra, og til anda réttláttra, sem fullkomnir eru orðnir“ (Hebreaubríf 12:22-23).

„Verk Guðs eru miklu stórkostlegri en svo, að mannlegur hugur fái skilið þau til fullnustu. Hvort menn trú á orðum Hans eða ekki, er á ábyrgð hvers og eins. Það er ómótmælanlegt að Guð postulans Páls og spámannsins Elísa *„er í gær og í dag hinn sami og um aldir.“* Það sem hinir trúðu gátu framkvæmt á þeim tíma, er einnig mögulegt fyrir hina trúðu í dag.“

Gjöf þekkingar

Nú fór guðsmaðurinn að lýsa ákveðnum atburðum í einkalífi Sundar Singh. Hann lýsti þeim með ótrúlegri nákvæmni — rétt eins og hann hefði verið nálægur þegar þetta átti sér stað.

Síðar þegar Sundar átti samtalið við gamla manninn í Himalaya, bað hann guðsmanninn að biðja fyrir einum af vinum sínum. Þá svaraði guðsmaðurinn: „Þú þarft ekki að biðja mig um að biðja fyrir neinum. Ég fæ að vita um alla sem ég á að biðja fyrir. Þú getur sagt þessum kristna vini þínum, að hann verði að láta af þeirri synd, sem hann hefur fallið í. Svo lengi sem hann lifir í þessari synd, get ég ekki beðið fyrir honum. Syndin myndi hindra bænasvarið.“

Sundar varð nokkuð hissa á þessu svari. Þetta sýndi, að guðsmaðurinn vissi hvað átti sér stað í hjarta mannsins. Þegar Sundar kom aftur heim, þá færði hann vini sínum skilaboðin frá guðsmanninum við Kailashfjall. Þetta hitti vin hans eins og elding. Hann játaði synd sína strax og gerði iðrun. Fram að þessari stundu, lifði hann í þeirri blekkingu að enginn vissi um þetta leyndarmál nema Guð og hann sjálfur.

Sundar spurði einsetumanninn einnig af hverju hann hefði beðið um, að þegar þeir hittust framvegis, væri það á ákveðnum tíma dagsins? Öldungurinn svaraði „vegna þess að um eftirmiðdaginn, er ég venjulega utan líkamans.“ Guðsmaðurinn sagði einnig: „Ég sá þig koma hingað. Ég sá þegar þú hófst ferðalagið um Kailash-landsvæðið. Ég fylgdist með þér á þessari erfiðu ferð. Ég sá þegar þú rakst stórutána í stein, svo að það blæddi í marga klukkutíma. Sársaukinn angraði þig og þú varst úrvinda.“

„Já, það var nákvæmlega þannig“, svaraði Sundar. „Nú veit ég fyrir víst, að Guð hefur leitt mig til þín. Það eru stórkostleg forréttindi.“

Nafn guðsmannsins

Meðan á samtalinu stóð, spurði Sundar guðsmanninn hvað hann hét. Öldungurinn svaraði: „Meðan ég var eins og aðrir menn, þá bar ég að sjálfsgöðu nafn, en nú er ég ekki lengur eins og venjulegir menn. Nú kallast ég Kristinn, vegna þess að Jesús lifir að fullu í mér. Jesús á hvorki upphaf né endi og er hinn sami um aldir. Fyrir náð Guðs, er ég dáinn syndinni. Þess vegna get ég sagt með postulanum Páli: *„Ég er krossfestur með Kristi. Sjálfur lifi ég ekki framar, heldur lifir Kristur í mér.“*“ (Galatabréfið 2:20).

Tenging milli hins andlega og veraldlega heims

Varðandi tengslin milli hins andlega og veraldlega heims og samfélag hinna heilögu sagði öldungurinn þetta: „Flest fólk og jafnvel sumir hinna kristnu, halda að þegar enginn er nálægur, þá séu þeir aleinir. Þeir halda að enginn fylgist með, þegar þeir syndga á jörðinni. Þeir gera sér ekki grein fyrir því, að þeir eru umvafðir anda Guðs og englar eru alltaf í kringum þá, jafnvel þegar þeir syndga. Á sama hátt þá geta þeir menn sem ferðast í andanum eða vinir sem eru látnir, sem dóu í Kristi, verið með þeim án þess að viðkomandi verði þess var.“

„Andar helgra manna, fá yfirleitt ekki leyfi til að opinberast með sýnilegum hætti á jörðinni. En ef þeir sjá mann syndga gróflega, verða þeir reiðir eins og átti sér stað með anda Samúels, þegar hann var kallaður frá ríki hinna dauðu af særingakonunni í Endór. Þeir eru svo næmir fyrir synd, að þeir þola ekki kristið fólk sem syndgar. Þeir snúa sér frá þeim. Á dómsdegi, munu þeir vitna gegn syndaranum.“

„Syndin er kvöl og þjáning fyrir sannkristna menn og umhverfis þá eru alltaf andar hinna heilögu eða englar. Þessir aðilar þjóna stöðugt til þeirra og færa himneska blessun yfir þá. Jafnvel þótt þeir taki ekki eftir því, þá lifa þeir í stöðugu samfélagi við hina heilögu sem farnir eru héðan. Þessir andar réttláttra manna sem fullkomnir eru orðnir þjóna til hinna ófullkomnu heilögu einstaklinga á jörðinni, jafnvel á dauðastundinni. Ásamt englunum sjá þeir um að flytja sál hins látna með nærfærni og gleði til hins himneska bústaðar.“

Andar hinna látnu

„Langflestir andar hinna látnu (þó er einn hópur þar undanskilinn), hafa heimild til þess að ferðast eins og þeim sýnist í andrúmslofti jarðar. Góðir andar fara sjaldan til jarðar, vegna þess að andrúmsloft syndarinnar er andstyggilegt Guði gefinni sál þeirra. Á hinn bóginn sveima illir andar um alla jörðina og þrá að birtast í mannlegu formi. Vegna þess að eðli þeirra er syndugt og jarðtengt, myndu þeir kjósa að fá að lifa í sínum gamla líkama.“

„Ef góðir andar eru kallaðir til jarðar af mönnum, verða þeir afar áhyggjufullir. Sem dæmi má nefna, að þegar Sál lét sækja anda Samúels frá ríki hinna dauðu, þá spurði spámaðurinn konunginn: *„Hví hefir þú ónáðað mig og látið kalla mig fram?“* (1 Samúelsbók 28.15). Hins vegar þrá óguðlegir andar að kallað sé á þá, því þeim líkar vel að vera nálægt syndurum.“

„Illu andarnir hafa ferðafrelsi um ákveðið tímasteið, en þeir vita að eftir lokadóminn verða þeir innilokaðir í logandi eldsdík. Illu andarnir horfa fram á örlög sín og þeim líður illa og þeir eru örvæntingarfullir. Þeir vita að þeim hefur aðeins verið úthlutað takmörkuðum tíma á jörðinni. Þótt staða þeirra sé algerlega vonlaus, reyna þeir eins og mögulegt er að blekkja fólk á jörðinni, svo það deili einnig sömu örlögum og þeir.“

„Ástæðan fyrir því að við getum ekki séð verndarengla okkar og anda hinna heilögu er sú, að það er of mikil synd sem fylgir okkur á göngunni með Guði. Djúpt bænalíf samkvæmt Orði Guðs og stöðugt samfélag við Jesú og Föðurinn veitir hinum kristna manni, andlega sjón að vissu marki. Það þarf hins vegar fullkomlega helgaða göngu með Guði, án syndar til þess að við getum séð hið ósýnilega samfélag heilagra.“

Jóhannes skírari

„Dag nokkurn öðlaðist ég þau miklu forréttindi“ sagði öldungurinn „að hitta Jóhannes skírara í hinum andlega heimi. Það sem snerti mig mest, var frásögn hans af atviki með Drottni Jesú.“ Jóhannes skírari sagði: „Mér var fullkomlega ljóst að heilagur andi, hafði sent mig á undan syni Guðs. Það er ástæðan fyrir því að ég hafði styrk til að gera það sem ég var kallaður til. Ég predikaði fyrir öllum sem komu til mín, að snúa sér frá synd. Síðan kom sá tími að Jesús kom til mín og vildi að ég skírði hann. Þá hugsaði ég með mér að minn tími og mitt starf væri þar með búið.“

„Hann sem ég predikaði um og með því hafði ég undirbúið komu hans, var kominn mitt á meðal manna. Þar sem ég vissi ekki hvort það væri nokkuð verkefni eftir fyrir mig, insetti ég mér að spyrja hann, hvort hann hefði einhver sérstök not fyrir mig áfram.“

Fundur í eyðimörkinni

„Eftir nokkurra daga árangurslausa leit að Jesú, fór ég út í eyðimörkina. Þar fann ég Jesú, eftir að hans hafði nýlega verið freistað af Satan. Jesús sat þarna á stórum steini. Fyrir ofan hann, sá ég hóp af dýrðlegum englum. Ég faldi mig bak við tré, þar sem ég vildi ekki trufla samtalið hjá Jesú og einnig bíða eftir því sem myndi gerast næst.“

„Ég litaðist um og heyrði hvernig kerúbar og serafar svifu niður til jarðar og sungu sálma fyrir Guð í holdi. Nú höfðu enn fleiri englar safnast umhverfis Jesú, sem spiluðu tónlist á hljóðfæri og hækkuðu rödd sína himinlifandi. Þeir voru fullir af lofgjörð og þakklæti. Ég fann mikinn fögnuð og himneska gleði yfir dýrð Guðs. Umhverfis þá var birta af dýrð Jesú Krists. Þarna var einnig kominn annar hópur anda, spámenn Gamla testamentisins eins og Móse, Elía og Samúel — Adam var sömuleiðis kominn þarna með þeim. Hópurinn stóð í auðmýkt og lotningu í nærveru Jesú. Þeir geisluðu af djúpu dálæti og aðdáun, þegar þeir tilbáðu Jesú, með viðmóti sínu.“

„Þarna var líka annar hópur sem samanstóð af villtum dýrum og alls konar fuglum. Dýrin vildu vera nálægt Drottni Jesú. Dýrin hópuðust að fótum Jesú, en hann virtist ekki veita því athygli. Hugur hans var upptekinn af einhverju öðru. Hann var spennur yfir verkefni sínu á jörðinni og útlistaði áætlun Guðs fyrir þeim voru þar samankomnir. Þegar englarnir og spámennirnir höfðu skilið hvað það var sem Drottinn hafði fyrirhugað, þá urðu þeir miður sín. Þeir fylltust af sorg.“

Englarnir

„Eftir dálítinn tíma, stóðst einn af englunum í englakórnum ekki mátið og talaði til Drottins Jesú. „Ó almáttugur Guð, við erum ávallt reiðubúnir til að þjóna þér. Líf okkar snýst um að þjóna þér. Veldu einn af okkur, svo að hann geti lagt niður líf sitt í þinn stað. Ó þú sem ríkir yfir öllu, er það nauðsynlegt að þú sjálfur þjáist með þessum hætti og verðir krossfestur?“

„Þegar Drottinn Jesú heyrði þetta, brosti hann og sagði. „Þið skiljið þetta ekki og það er ykkur ekki gefið, að skilja það verkefni sem Faðir minn hefur treyst mér fyrir. Dauði ykkar gæti ekki leyst neinn frá synd og af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að ég sjálfur þjáist og verði tekinn af lífi svo að allir menn og sköpunin öll eigi þess kost að losna úr fjötrum Satans.“

„Þetta svar var fullnægjandi fyrir englana. Þeir sögðu hver við annan, fullir af aðdáun á Jesú: „Við vissum að Guð er kærleikur, sem er ofar öllum skilningi. En við vissum ekki, að sá kærleikur gengi svo langt að gefa hinn eingetna Son í dauðann, sakir mannsins.“

Adam

„Meðan englarnir voru enn að tala hver við annan, þá beygði Adam, sem stóð mitt í hópnum, sig djúpt niður að jörð og sagði: „Ó kæri Drottinn, það var synd mín, sem gerði mannkynið að þrælum Satans. Af þeirri ástæðu ætti ég að bera synd alls heimsins. Sendu mig, að ég mætti taka út þá refsingu sem ég verðskulda.“

Jesús svaraði: ‚Sonur, þú myndir aðeins deyja fyrir sjálfan þig, ekki sakir annarra. Dauði þinn hefði ekki í för með sér það sem þarf til að frelsa eina einustu sál. Það er óhjákvæmilegt að ég verði sú fórn sem er friðþæging fyrir allan heiminn.‘

Spámennirnir

Eftir að Jesús hafði talað með þessum hætti, spurðu spámennirnir Móse, Elía og fleiri: ‚Drottinn, væri það einhver lausn á málinu, að við myndum deyja í þinn stað?‘ En Jesú svaraði þeim einnig: ‚Nei, allir ykkar hafa lokið sínu jarðneska hlutverki. Enginn ykkar er fær um að framkvæma endurlausnarverkið. Það er aðeins Sonur Guðs, sem getur frelsað mannkynið. Frelsun heimsins fæst aðeins með því að úthella mínu blóði.‘

Dýrin

Þegar Jesú hafði lokið ræðu sinni, hurfu spámennirnir, englarnir og andar hinna heilögu frá himni. Þá voru dýrin ein eftir. Þau töluðu eins og asna Bíleams gerði áður fyrr og reyndu að sannfæra Drottin Jesú um að vegna þess að Adam hefði orsakað þjáninguna í heiminum, þá ætti Adam einnig að taka refsinguna á sig. Ennfremur spurðu þau Jesú: Af hverju þau þyrftu að þjást og deyja, þótt þau væru ekki í mannlíkama? Þau væru saklaus í þessu máli.

Jesús svaraði þeim: ‚Guð gaf Adam vald yfir jörðinni og þar með einnig yfir dýrunum. Þegar Adam afhenti Satan þetta vald, þá hefði hinn illi einnig fengið vald yfir dýrunum. Undir stjórn Satans, hefði dauðinn komið inn í þennan heim. Dýrin þyrftu því að deyja eins og mannkynið.‘

Greiða veg Drottins

Eftir að dýrin höfðu heiðrað og dáð Son Guðs, þá vildi ég sjálfur sýna honum virðingu, en ég var hræddur við villtu dýrin sem voru enn nálægt honum. En Jesús, sem virtist ekki óttast neitt, kallaði á mig með nafni. Hann vissi að ég hafði orðið vitni að því sem fram fór. Ég var glaður yfir því að Hann skyldi kalla á mig. Ég gekk yfir til Hans og það merkilega gerðist, að dýrin fóru til hliðar svo ég fengi pláss nálægt Jesú. Þegar ég var kominn til Hans, féll ég að fótum hans og lofaði hann. Eftir að ég hafði veitt honum lotningu sagði ég: ‚Ég hef uppfyllt köllun mína. Er eitthvað meira sem ég get gert fyrir þig?‘

Drottinn Jesús svaraði mér: ‚Jóhannes, tími þinn er ekki kominn enn. Fyrst þarft þú að eignast hina ómetanlegu kórónu píslarvottsins. Þangað til, þarft þú að leggja niður líf þitt, sakir réttlætisins, starfa áfram og greiða veginn fyrir mér á jörðinni. Til þessa hefur þú verið kallaður. Þú munt síðar fara inn í heim andanna, þar sem búa andar þeirra sem hafa yfirgefið jörðina á undan mér. Einnig þar, verður verkefni þitt að boða öndunum komu mína.‘

Þegar Drottinn Jesús hafði dáið, var hann lifandi í anda og fór niður í ‚Sheol‘. Eins og Pétur postuli greinir frá, þá predikaði hann fagnaðarerindið fyrir öndum hinna látnu sem þar voru.‘ (Sbr. 1 Pétursbréf 3:18-19).

„Því að til þess var og dauðum boðað fagnaðarerindið, að þeir, þótt dæmdir væru líkamlega með mönnum, mættu lifa í andanum með Guði.“ (1 Pétursbréf 4:6).

Jóhannes skírari hélt áfram. „Það sem Jesús hafði sagt, rættist nákvæmlega. Nokkru eftir þetta samtal, var ég hálshöggvinn og dó sem píslarvottur. Eftir dauðann, var ég fluttur þangað sem andar hinna dauðu voru og þar predikaði ég fyrir þeim að koma Jesú væri á næsta leyti. Ég sagði þeim einnig, hversu frábærir hlutir biðu þeirra ef þeir tækju við Jesú Kristi sem frelsara sínum. Þannig undirbjó ég komu Drottins Jesú í ríki hinna dauðu.“

Þegar sá dagur kom að Jesús Kristur gaf líf sitt á krossi, þá komu margir af öndum hinna heilögu til jarðar til að hitta Jesú, fagna með honum, gefast honum, tilbiðja hann og margir í Jerúsalem fengu náð til að sjá þá eftir upprisuna. Við lesum um þennan atburð í Matteusarguðspjalli:

„En Jesús hrópaði aftur hárrí röddu og gaf upp andann. Þá rifnaði fortjald musterisins í tvennt, ofan frá og niður úr, jörðin skalf og björgin kloffnuðu, grafir opnuðust og margir líkamir helgra látinna manna risu upp. Eftir upprisun Jesú gengu þeir úr gröfum sínum og komu í borgina helgu og birtust mörgum.“ (Matteusarguðspjall 27:50-53).

„Eftir að Jesús hafði gefið mér þessi fyrirmæli, var hjarta mitt fullt af gleði. Ég þakkaði honum fyrir þann heiður að fá að greiða veg hans á jörðinni og nú þessi forréttindi að fá að gera þetta öðru sinni í ríki hinna dauðu í hinum andlega heimi. Þá féll ég fram og lofaði Hann.“

Hásæti á himni

„Þegar ég reis upp aftur, sá ég Jesú hátt upp hafinn þar sem hann sat í miklu háseti á himni og umhverfis hann voru milljónir af björtum skínandi englum.“ (Sbr. Jóhannesarguðspjall 3:13).

„Þar sá ég einnig að það voru mörg háseti umhverfis háseti Drottins Jesú. Í þeim sátu helgir menn, með geislandi kórónur á höfði.“

„Síðan sá ég autt háseti. Ég undraðist það og velti því fyrir mér, en þá kom engill og sagði mér að þetta háseti hefði eitt sinn tilheyrt máttugum engli. Fyrir löngu síðan hefði hann staðið fyrir uppreisn gegn Konungi himinsins og viljað verða voldugri en hann. Vegna þessarar óhlýðni fékk hann nafnið Satan, sem þýðir andstæðingur. Þessi engill sagði mér að við endi aldanna, myndi þetta háseti verða gefið þeim guðsmanni sem starfað hefði í mestri auðmýkt á jörðinni. Ég virti fyrir mér um stund stjórnarsetur Guðs og hásetissalinn. Því lengur sem ég horfði á sæmd hans og dýrð, fylltist ég af meiri fögnuði og gleði.“

Davíð konungur segir um nærveru Guðs: „*Gleðignótt er fyrir augliti þínu, yndi í hægri hendi þinni að eilífu.*“ (Sálmur 16:11).

Dauðinn og lífið eftir dauðann

Guðsmaðurinn við Kailashfjall opnaði augu Sundar Singh fyrir sumum af hinum dýpstu leyndardómum er varða dauðann og lífið eftir dauðann. Öldungurinn sagði: „Eins og ég hef áður sagt þér, þegar sálin yfirgefur líkamann við dauðann mæta henni andar sem eru áþekkir hennar eigin anda. Þegar sál sem hefur verið endurleyst er kölluð yfir í annan heim, þá munu englar Guðs mæta henni þar.“

Þegar einstaklingar sem hafa frelsast fyrir blóð Jesú Krists eru að deyja og þeir sjá hina vængjuðu boðbera Guðs, fyllast þeir slíkri gleði, að þeir óttast ekki dauðann eftir það.

Á hinn bóginn þegar hinir óguðlegu deyja, mæta þeim englar Satans. Þegar menn sjá hinar óttalegu verur, þá fyllast þeir slíkum ótta að þeir vilja ekki deyja og yfirgefa líkamann nauðugir.“

Líkaminn yfirgefinn

„Sál sem þarf að yfirgefa líkamann vegna dauða kemur óhjákvæmilega yfir í hinn andlega heim. Þar þarf hún að fara í gegnum þrjá áfanga.

Fyrsti áfanginn er að hinn látni yfirgefur líkamann. Á þeirri stundu upplifir hann enga sérstaka breytingu á tilverunni. Englar munu útskýra fyrir viðkomandi það sem átt hefur sér stað. Þá uppgötvar sálin sér til mikillar undrunar, að hún hefur meðvitund en ekki áþreifanlegan líkama.“

Tveir vegir

„Síðan kemur að öðrum áfanga. Þá mun engill leiðbeina þeim að ákveðnum stað í hinum andlega heimi, þar sem framundan eru vegamót. Önnur leiðin liggur upp til hásetis Guðs og er hún mjög björt, en hin leiðin er dimm og liggur áleiðis niður í svartamyrrkur.

Hinir endurleystu kjósa leið ljóssins og halda af stað í áttina að háseti Guðs. En þeir sem ekki hafa eignast frelsi frá syndum í gegnum Jesú Krist, þola ekki ljósið og velja leiðina niður í myrkrið. Augu þeirra eru blinduð af birtunni á leið ljóssins.

Sérhver sál, fer þá leið sem eðli hennar segir til um. Þeir sem gert hafa hið illa, hata ljósið og vilja ekki koma inn í það af ótta við að verk þeirra verði afhjúpuð. En þeir sem hafa lifað í sannleikanum, vilja koma í ljósið, svo það megi sjást að verk þeirra hafa verið framkvæmd frammi fyrir auglitu Guðs.“

Andaverur ljóss og myrkurs

„Þegar sálin kemur að þriðja áfanganum, opinberast verk hennar á jörðinni. Þá sér sálin ávöxtinn af hinu jarðneska lífi og einnig framtíð sína.

Hinir endurleystu sjá framundan eilífa gleði og eilífan frið. Þeir eru þvegnir hreinir í lífsvatninu af allri synd sem kann að loða við þá og leifum af holdlegu eðli. Þegar því er lokið, er þeim fylgt af englum til síns himneska bústaðar.

Hins vegar hafa hinar illu óendurleystu sálir, ekkert til að gleðjast yfir. Þær fyllast viðbjóði yfir hinu ógeðfella útli sínu, því sálin er þakin ógeðslegum sárum. Þær vita, að þessi sár eru afleiðing af syndum þeirra á jörðinni og þau eru ólæknandi. Í þessari örvæntingu, fá þær að vita að þeirra bíður eldsdikið eftir dómsdag.

Þessi staða er svo vonlaus og ógæfuleg og framtíðin svo skelfileg að þessar sálir fara að leita tækifæris til að gera iðrun. Þær þrjá hjálp, en fá hana ekki, það er orðið of seint. Það á við um þær sem ritað er í Biblíunni: *„Því að ef vér syndgum af ásettu ráði, eftir að vér höfum öðlast þekkingu sannleikans, þá er úr því enga fórn að fá fyrir syndirnar, heldur er það óttaleg bið eftir dómi og grimmilegur eldur, sem eyða mun andstæðingum Guðs.“* (Hebreabréfið 10:26-27).

Góðu andarnir, munu lofa Drottin Jesú og verða uppteknir af því, að hjálpa þeim á jörðu, sem eins og þeir sjálfir taka við frelsinu í Jesú Kristi. Á hinn bóginn, munu illu sálirnar reyna að fá mennina til þess að syndga enn meira og verða þannig einnig erfingjar Heljar.“

Myrkrið flýr fyrir ljósinu

Öldungurinn sagði mér aðra sögu.

„Eitt sinn var ég heimsóttur af órólegum anda. Andinn sagði mér að í jarðlífinu hefði hann verið guðleysingi og starfað sem lögregluþjónn. Þessi andi, hafði nú eins og flestir illir andar leyfi til þess að ferðast um alla jörðina. Samt sem áður þjádíst þessi andi af brennandi sársauka og var örvæntingarfullur. Ekkert gat slökkt þann eld, sem brann í hjarta hans. Vitneskjan um fyrirdæminguna hélt eldinum við. Þegar ég heyrði þessa sögu, var ég djúpt snortinn. Ég spurði, af hverju hann gerði ekki iðrun og bæði Guð um fyrirgefningu. Andi mannsins svaraði að það væri ekki mögulegt. „Ég hef misst af tíma náðarinnar.“

„Síðan það ég fyrir þessu. Bænasvarið kom á þann hátt, að Guð sendi engil sem sagði mér að dómur yfir þessum órólega anda væri óhjákvæmilegur. En þar sem ég hélt fyrirbæninni áfram, þá flutti engillinn sálina fram fyrir Guð. Drottinn Jesús birtist þessum anda aðeins í daufri birtu, því hann þekkti ástand hans. En jafnvel þessi daufa birta, var óbærileg fyrir þessa syndugu sál. Hún flúði frá nærveru Guðs í miklum flýti til þess að forðast eyðingu.“

Öldungurinn sagði við Sundar Singh: „Ljósíð sem skín gegnum allt á himni og fer þar inn í hvern krók og kima, skín frá andliti Guðs. Það kemur niður til jarðarinnar og fer inn í hjörtu hinna útvöldu og endurspeglar þar andlit Guðs.“

Á leið til himins

„Dag nokkurn fékk ég að slást í för með nokkrum englum. Þeir voru sendir til Parísar, að hitta 21 árs gamla stúlku sem hét Maggie. Hún var að deyja og ættingjar hennar höfðu safnast saman umhverfis hana. Um það bil 15 mínútum fyrir dauðann, þá snerti einn af englunum augu hennar. Samstundis gat hún séð að við rúmstokkin var sveit af englum og einnig látnir ættingjar sem höfðu dáið í Kristi. Hún sá einnig gullinn stiga sem náði upp að hliði himinsins þar sem Jesús var. Þessa deyjandi stúlku, langaði til að hugga móður sína með því að segja henni frá því sem hún sá. En móðirin og aðrir sem voru viðstaddir trúðu henni ekki. Þau töldu hana vera með óráði. Maggie dó með þessi orð á vörunum: *Í þínar hendur fel ég anda minn.* Móðirin kraup yfir líkið. Hin látna stúlka, reyndi að hugga móður sína, en móðirin tók ekki eftir því. Maggie var nú þegar fyrir utan líkamann og gat ekki snert við móður sinni. Hún var leidd af englum upp að hliði himinsins þar sem Jesú tók á móti henni.“

„Þegar hún lifði á jörðinni, hafði Maggie reynt að ganga á Guðs-vegi allan tímann. Einnig hafði hún gert mörg góð verk, sem hún var löngu búin að gleyma. Nú biðu launin hennar á himni. Á svæði þar sem voru stórkostlegir himneskir bústaðir beið hennar stórt hús. Þar að auki var kóróna með fjórum gimsteinum sett á höfuð hennar. Þetta voru launin fyrir þá fjóra einstaklinga sem hún hafði leitt til Jesú Kristis.“

Himneskir bústaðir

„Á himni eru bústaðir fyrir hina sanntrúuðu, sem hafa yfirgefið jörðina. Í einum af þessum bústöðum sá ég einn af hinum heilögu, þakinn með skínandi stjörnum. Mér var sagt að hann hefði gengið í gegnum ofsóknir og liðið þíslarvætti. Sérhvert ör sem hann fékk í hinu jarðneska lífi vegna trúar á Jesú Krist, skein nú líkt og stjarna.“

„Sumir af þessum bústöðum voru enn í byggingu. Þeir voru ætlaðir fyrir þá af lærisveinum Krists, sem enn voru á jörðinni og starfi þeirra var ekki lokið. Hinn himneski bústaður var byggður í samræmi við smekk og andlegan þroska tilvonandi íbúa. Páll postuli skrifar: *„Vér vitum, að þótt vor jarðneska tjaldbúð verði rifin niður, þá höfum vér hús frá Guði, eilíft hús á himnum, sem eigi er með höndum gjört.“* (1 Korintubréf 5:1).

Sonur ekkjunnar í Nain

Dag nokkurn hitti öldungurinn son ekkjunnar í Nain í hinum andlega heimi. Sonur þessarar ekkju hafði dáið en Jesús reisti hann upp frá dauðum. Frásögnin er í 7 kafla Lúkasarguðspjalls:

„Þegar hann nálgast borgarhliðið, þá var verið að bera út látinn mann, einkason móður sinnar, sem var ekkja, og mikill fjöldi úr borginni var með henni. Og er Drottinn sá hana, kenndi hann í brjósti um hana og sagði við hana: *„Grát þú eigi!“* Og hann gekk að og snart líkbörunnar, en þeir, sem báru, námu staðar. Þá sagði hann: *„Ungi maður, ég segi þér, rís þú upp!“* Hinn látni settist þá upp og tók að mæla, og Jesús gaf hann móður hans.“ (Lúkasarguðspjall 7:12-15).

Sonur ekkjunnar sagði öldunginum eftirfarandi sögu:

„Eftir að ég hafði dáið, var ég órólegur og leið illa. Ég hafði vissulega heyrt um Jesú, en hafði ekki veitt honum mikla athygli. Þegar ég var kominn yfir í annan heim, tók ég eftir því mér til skelfingar, að enginn getur frelsast, án þess að trúa á Jesú Krist. Þess vegna hrópaði ég til Guðs að gefa mér tækifæri til þess að snúa aftur til jarðarinnar svo ég gæti tekið við Jesú Kristi sem frelsara mínum. Þótt þetta væri ekki samkvæmt þeim reglum sem giltu í öðrum heimi, þá fékk ég þessa bæn uppfyllta, vegna þess að Guð vildi að nafn Jesú Krists yrði dýrlegt með því að reisa upp dauða. Ég snéri því aftur til jarðarinnar. Þegar ég kom aftur í líkamann, varð ég afar undrandi þegar ég sá við hlið mína Jesú Krist, sem ég var nýbúinn að yfirgefa í öðrum heimi.“

„Þegar Jesús leiddi mig til móður minnar, var ég himinlifandi. Samstundis fór ég að segja öllum viðstöddum frá því sem ég hafði upplifað og þeirri ógn sem ég hafði upplifað eftir dauðann. En viðstaddir gerðu aðeins grín að því sem ég sagði. Þau sögðu að mig hefði dreymt þetta allt saman. Eftir komu mína frá ríki hinna dauðu, þá gaf ég líf mitt til að þjóna Jesú Kristi. Ég var einn af sjöttu lærisveinum, sem Jesú sendi tvo og tvo saman til að predika, lækna og skíra.“ (Sbr. Lúkasarguðspjall 10:1-12).

Tveir heimspekingar

Öldungurinn sagði mér eftirfarandi sögu:

„Dag nokkurn, kom frægur heimspekingur í heimsókn til mín í andanum. Hann hafði verið uppi á dögum Jesú Krists. Hann hafði rannsakað sál mannsins, en ekki fengið opinberun um gjöf Guðs. Þegar hann heyrði um upprisu unga mannsins í Nain, hafði hann farið að heimsækja hann. Ungi maðurinn sagði honum frá því sem hann hafði upplifað eftir dauðann. Þá tók heimspekingurinn við Jesú Kristi sem frelsara sínum og gladdist stórlega.“

„Í annan tíma, fékk ég heimsókn af öðrum heimspekingi, sem einnig var samtímamaður Jesú Krists. Hann sagði mér frá því, að honum hefði verið sagt frá lækningu lamaða mannsins við Betesda-laugina. Þess vegna langaði mig til að sjá Jesú og fór að leita hans. Þegar ég nálgadist staðinn þar sem hann var staddur, gat ég ekki séð hann fyrir mannþrönginni. Skyndilega stóð Jesú fyrir framan mig. Ég var orðlaus þegar Sonur Guðs horfði á mig. Frá augum hans streymdi svo mikill kærleikur, auðmýkt og friður að ég varð gagntekinn. Ég sá einnig hvernig hann horfði á mannfjöldann með mikilli samúð og innsæi sem mér fannst aðdáunarvert.“

„Ég heyrði Jesú segja við mann sem hafði visna hönd: *„Syndir þínar eru fyrirgefnar.“* Síðan sá ég hvernig maðurinn gat hreyft höndina samstundis. Maðurinn hafði verið starfsmaður í Musterinu og hann hafði stolið þaðan hárrí fjárhæð. Visnaða höndin, var réttlát refsing fyrir þá synd.“

„Þegar Jesús sagði við hann: *„Syndir þínar eru fyrirgefnar“* gerði maðurinn sér grein fyrir að afbrot hans hafði verið orsök fötlunarinnar. Þegar hann losnaði við sektartilfinninguna, kom lækningin um leið. Síðan horfði Jesú á mig. Hann kallaði mig til sín. Ég féll að fótum hans og ég fékk einnig fyrirgefningu synda minna. Jesús lagði hönd sína á höfuð mitt, blessaði mig og leyfði mér að fara.“

Endir aldanna

Um endi aldanna, sagði öldungurinn við Sundar: „Endurkoma Drottins Jesú er fyrir dyrum. Engillinn sem á að blása í hinn síðasta lúður er tilbúinn. Hann mun blása í lúðurinn þegar Guð gefur honum merki.“

Lýður Guðs hefur hins vegar undirbúið sig afar hægt, þótt Dagur Drottins hafi nálgast. Vegna þess að Drottinn Jesús er náðugur og miskunnسامur við sitt fólk, þá bíður hann þolinmóður eftir brúði sinni, að hún geri sig tilbúna. Hann vill ekki að nokkur af hans fólki farist. En brátt kemur að því, að hann bíður ekki lengur. *„Vakið því, þér vitið ekki, nær húsbóndinn kemur, að kveldi, á miðnætti, í óttu eða dögum.“* (Markúsarguðspjall 13:35).

Öldungurinn heimsóttur öðru sinni

Þann 14. júlí árið 1916 og 27. júlí árið 1917, voru greinar í indverska tímaritinu „Nur Afshan“, þar sem Sadhu Sundar Singh, sagði frá annarri heimsókn til öldungsins við Kailashfjall:

„Þegar ég sagði frá því að ég hefði fyrir ‚slyzni‘ hitt öldung við Kailashfjall árið 1912, voru margir sem neituðu að trúa mér. Þeir töldu að sagan væri uppspuni. Sumir sögðu hughreystandi, að ég hefði fengið draum eða sýn, en nú væri ég að segja frá þessum upplifunum sem raunveruleika. Þá bauð ég þeim að koma með mér í næstu ferð til að heimsækja öldunginn við Kailashfjall í Tíbet. En enginn þáði boðið nema faðir Williams, en því miður fór það svo að hann komst ekki með í ferðina.“

„Ég hef skrifað um þennan öldung, vegna þess að hann hefur fært mér mikla innsýn í hina andlegu veröld og því hef ég líka hvatt aðra til að heimsækja hann líka. Ég er tilbúinn að fylgja þeim, á ferðalaginu. Þá geta þeir spurt sjálfir þeirra spurninga er varða eilíft líf og dauða.“

„Guð gaf mér annað tækifæri til þess að heimsækja þennan aldna bænahermann. Það er miður að enginn gat komið með mér í þetta ferðalag. En vegir Guðs eru æðri okkar fyrirætlunum, svo að ég fór einn míns liðs, að hitta þennan stórkostlega bróður í Drottni.“

„Megnið af árinu er mjög kalt, þar sem öldungurinn býr, en þar eru einnig heitar uppsprettur í nágrenninu.“

Þegar ég hitti öldunginn öðru sinni, leit hann nákvæmlega eins út og áður. Í þetta sinn sagði hann mér ýmislegt sem áður hafði ekki verið opinberað nokkrum manni.

Hjálp frá hinum heilögu

Eftir að ég hafði spurt öldunginn um tengsl hans við anda þeirra sem dáíð hafa í Jesú Kristi, sagði hann mér:

„Ég lærði fjölmargt af kynnum mínum á hinu andlega sviði af englum Guðs og öndum hinna heilögu sem okkur hinum Kristnu var ekki kunnugt um áður. Hjá hverjum einasta sanntrúðum manni á jörðinni eru englar og yfirleitt einhverjir af hinum heilögu. Við getum fengið að sjá þá sem hjá okkur eru, fyrir bæn líkt og spámenn Biblíunnar forðum daga.“

„Ef við mætum í hinu andlega, öndum hinna heilögu sem við þekktum ekki persónulega í lifanda lífi, þá vitum við um leið hver sá einstaklingur er, sem staddur er fyrir framan okkur. Pétur, Jakob og Jóhannes höfðu aldrei séð Móse og Elía áður. En þegar þeir ræddu við Jesú á Ummyndunarfjallinu, þá vissu lærisveinarnir samt hverjir þeir voru (sbr. Matteusarguðspjall 17:3). Á sama hátt og Móse og Elía leituðu eftir Jesú og ræddu við hann um það sem framundan var, þá koma ættingjar og vinir sem dáíð hafa í Kristi, stundum til okkar. En vegna þess að okkur skortir andlega sjón, þá sjáum við þá yfirleitt ekki. Stundum sendir Drottinn þá í staðinn fyrir engla, til þess að uppörva okkur. Eins og Jesús Kristur, sem fékk að upplifa aðstæður á jörðinni af eigin raun (sbr. Hebreabréfið 2:18), þá skilja þeir hinar jarðnesku aðstæður betur en englar. Guð sendir okkur slíka aðstoð, til hjálpar og leiðsagnar í erfiðum kringumstæðum.“

Hvað með sál mannsins

„Ég spurði öldunginn hvort sál mannsins væri eilíf eins og Guð, eða hvort hún myndaðist við fæðinguna. Og ef þær eru ekki til frá upphafi, hvernig geta þær verið eilífar? Allt sem hefur upphaf, tekur einnig enda.“ Öldungurinn svaraði:

„Sál mannsins á sér ekki upphaf í eilífðinni. Ef hún væri óháð tíma eins og Guð, þá hefði hún líka ótakmarkaða þekkingu eins og Guð. En nú er sálin takmörkuð að þekkingu og krafti. Sálin verður því til með líkamanum. En einstaklingurinn er án upphafs, því hann hluti af ráðsályktun Guðs frá upphafi. Við sjáum þetta á því sem Guð segir við Jeremía spámann: *„Áður en ég myndaði þig í móðurlífi, útvaldi ég þig, og áður en þú komst af móðurkviði, helgaði ég þig. Ég hefi ákvarðað þig til að vera spámann þjóðanna!“* (Jeremía 1:5).

„Guð segir okkur í Ritningunni, að jafnvel þótt Jeremía væri ekki fæddur enn, þá var hann þegar til í huga og fyrirætlun Guðs. Guð er skapari og Hann tekur það sem ekki er til og gefur því tilveru og líf. Guð talaði í upphafi og það varð. Guð getur tekið það sem er í huga Hans frá eilífð og skapað því eilífa tilveru. Guð skapar sál mannsins með líkamanum og gefur honum lífsandann“ (sbr. Sakaríá 12:1)².

Síðasta ferð Sadhu Sundar Singh

Árið 1929 fór Sundar Singh enn eina ferð til Tíbet. Í apríl kom hann í lítið þorp sem heitir Kalika. Það er ekki vitað hvert hann fór eftir það. Enginn veit hvað kom fyrir hann. Hafin var leit að honum, en hún bar ekki árangur og gerðu menn ráð fyrir því að hann væri látinn.

² „Orð Drottins um Ísrael, guðmæli Drottins, sem útþandi himininn, grundvallaði jörðina og myndaði andann í brjósti mannsins.“ (Sakaríá 12:1).